Ársskýrsla 2009 Listasafn Reykjanesbæjar

Það sem gerðist
Frá sýningu Huldu Vilhjálmsdóttur
mars 2009

Listasafn Reykjanesbæjar
Skrifstofa: Tjarnargötu 12. Sími: 421-6700
Sýningarsalur: Duushúsum. Sími: 421-3796
listasafn@reykjanesbaer.is

Forsaga og hlutverk

Listasafn Reykjanesbæjar var að nafninu til stofnað við sameiningu sveitarfélaganna Njarðvíkur, Hafnahrepps og Keflavíkur árið 1994. Ekki var þó um eiginlegt listasafn að ræða á þeim tíma heldur aðeins utanumhald á listaverkaeign bæjarins. Árið 2003 hófst eiginleg safnastarfsemi þegar opnaður var sýningarsalur í Duushúsum sérstaklega ætlaður Listasafninu, starfsfólk var ráðið og safnið fékk sjálfstæðan fjárhag. Listasafn Reykjanesbæjar var þar með orðin sjálfstæð stofnun í bæjarfélaginu og eitt af þremur söfnum bæjarins. Starfsfólki hefur síðan fjölgað, sýningarplássið verið aukið og bætt og fjárhagur eflst, m.a. með árlegum framlögum Safnasjóðs.

Listasafn Reykjanesbæjar er eina listasafnið á Suðurnesjum og skipar því stórt hlutverk í menningarlífi svæðisins. En aðal hlutverk Listasafns Reykjanesbæjar er að varðveita listaverk Reykjanesbæjar, safna nýjum verkum samkvæmt söfnunarstefnu, skrá verkin og rannsaka sögu þeirra og myndlistar á svæðinu og miðla þeirri þekkingu til heimamanna og annarra eftir bestu getu. Ný stofnskrá var samþykkt í 24. október 2007.

Hugmynd að nýrri merkingu á húsin

1. Safnkostur

Safnkosturinn er afar fjölbreyttur og safnið á verk úr öllum helstu flokkunum, bæði inni- og útiverk. Virk og markviss söfnun, þ.e. söfnun eftir söfnunarstefnu hefur verið viðhöfð frá og með árinu 2004 og ávallt verið tekið mið af því fjármagni sem hverju sinni er úthlutað til listaverkakaupa. Árið 2009 var 1 milljón króna til kaupa á verkum en einnig bárust safninu nokkur verk að gjöf. Safnkosturinn er skráður í þar til gerðan gagnagrunn í Microsoft Access kerfinu sem unninn var fyrir safnið árið 2004 og telst safneignin fullskráð. Söfnunarstefnan sem unnið er eftir var samþykkt árið 2003 og í henni er m.a. gert ráð fyrir að safnið eignist listaverk barna. Þess hefur verið gætt síðustu árin að nokkur verk frá Listahátið barna enda alltaf sem eign safnsins og hefur safnið því eignast fjölda skemmtilegra listaverka eftir börn. Safnið tók líka þátt í List án landamæra í fyrsta skipti á árið 2009 og þá komu inn nokkur verk sem tengdust þeirri hátíð, bæði verk eftir fatlaða listamenn og einnig verk sem fatlaðir og ófatlaðir unnu saman. Þessi hátíð verður áfram haldin með þátttöku listasafnsins og ákveðið að safna verkum tengdum henni. Þeir listamenn sem sýna í Listasalnum skilja einnig ávallt eftir verk til handa safninu og er því safneignin orðin ansi fjölbreytt. Safnaukinn 2009 samanstóð af 42 nýjum verkum og er safneignin nú orðin 600 verk. Sjá nánar í listanum Safnauki 2009.

Söfnunarstefna:

1. Að efla listaverkaeign safnsins svo hún gefi góða mynd af, annars vegar listamönnum svæðisins frá öllum tímum og hins vegar samtímalist á landinu öllu.
2. Að hvetja unga listamenn sérstaklega til dáða með kaupum á verkum þeirra.
3. Að safna úrvali verka úr Listaskóla barna í Reykjanesbæ.

Safnauki 2009

Númer	Nafn listamanns	Heiti verks	Fengið	*Verð*	Athugasemdir
1	Eyjólfur Einarsson	Endastöðin, 2003	gjöf	1.500.000	0lía á striga, 190x350 cm
2	Hulda Vilhjálmsdóttir	Um-ha, 2008	gjöf	490.000	olía á striga, 230x190 cm
3	Inga Þórey Jóhannsd	Svefnmunstur, 2009	gjöf	300.000	skúlptúr, mixed media, 20x31x8
4-12	Eggert Guðmundsson	Andlitsmyndir	gjöf		9 árituð ljósrit ínúmeraðri möppu, 26x36
13-21	Valgerður Guðlaugsdóttir	Tilfinningaskæruliðar, 2009	keypt	200.000	9 vatsnlitamyndir, 33x43
22	Halla Har	Mannamót, 2009	keypt	115.000	olía á striga, 55x55 cm
23	Gunnhildur Þórðardóttir	Dark Energy-Hulduorka, 2009	keypt	30.000	skúlptúr, járn, 18.5x20x11
24	Guðm. R. Lúðvíksson	Kistillinn, 2009-2059	gjöf		skúlptúr, tré og járn, 34x44x17 cm
25-28	Arni Jakob	Fólk I-IV, 2009	keypt	16.000	túss og akríl á striga, 24x17 cm List án landamæra
29	Ástráður	Án titils, 2009	keypt	2.000	tölvugrafík, 28x20 cm List án landamæra
30	Rut Ingólfsdóttir	Gúbbi, 2009	keypt	24.000	gifs, járn, akríl, 40x18x18 cm
31	Hjalti Perelíus	Kona, 2009	keypt	50.000	akríl á striga, 80x80
32-33	Olgeir Andrésson	Norðurljós I oog II, 2009	keypt	50.000	ljósmyndir, 60x40
34	Bragi Einarsson	Rústir, 2009	keypt	25.000	olía á striga, 40x40
35	Listamenn úr	Úr verkinu Glerborgir,2009	gjöf		málaðar glerkrukkur, List án landamæra

	Björginni og Hæfingarstöðinni				List án landamæra
36	Börn úr leikskólum	Handabandið, 2009	gjöf		pappír, kaðall o.fl. lófaför 800 barna Listahátíð barna
37	Börn úr leikskólum	*Vináttan, ferliverk 2009*	gjöf		þekjulitir o.fl. á striga, 160x180 cm Listahátíð barna
38	Börn úr leikskólum	Vinátta, veggspjöld, 2009	gjöf		texti, prentað á pappír Listahátíð barna
39	Börn úr leikskólanum Háaleiti	vinátta, 2009	gjöf		þekjulitir á striga, 150x120 cm Listahátíð barna
40-41	Gunnhildur og Brynhildur Þórðardætur	Veggteppi og kollur, 2008	keypt	100.000	Ull, svampur. "lakkrískonfekt"
42	Olga Bergmann	Deild 6, 2002	gjöf		Skúlptúr, tré, dyrakíkir, smáhlutir, 110x20x160cm,má skoða í gegnum gægjugat á verkinu

2. Sýningarhald

Sýningarhald er viðamikill liður í starfsemi Listasafns Reykjanesbæjar enda eina listasafnið á svæðinu og því nauðsynlegt að standa vel að þeirri starfsemi. Fimm stórar boðssýningar voru haldnar í Listasalnum í Duushúsum, fastasýning á safnkosti var í Bíósal Duushúsa og þar var einnig sett upp viðamikil sýning á verkum Eggerts Guðmundssonar, Njarðvíkings, sem unnin var í tengslum við rannsóknarverkefni safsnins. Einnig kom safnið beint og óbeint að fjölda sýninga sem haldnar voru í bæjarfélaginu m.a. á Ljósanótt. Safnið tók þátt í Listahátíð í Reykjavík öðru sinni og var sýning Olgu Bergmann framlag safnsins að þessu sinni.

Eftirtaldar sýningar voru haldnar í sýningarsal Listasafnsins í Duushúsum:

Sýningar í Listasal

Söknuður
24. janúar var opnuð sýningin *Söknuður/Wistfulness* á nýjum málverkum Eyjólfs Einarssonar. Eyjólfur helgaði sig ungur myndlistinni og innan við fermingu var hann farinn að sækja námskeið hjá Ásmundi Sveinssyni. Eftir nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands hélt hann til Danmerkur og útskrifaðist árið 1966 frá Den Kongelige danske Kunstakademi. Hann hefur í tæpa hálfa öld sýnt verk sín víða bæði hér á landi og erlendis og er löngu orðinn þekktur fyrir skemmtilega túlkun sína á líkingunni um hringekjuna og Parísarhjólið sem hringrás og fallvaltleika lífsins. Aðalsteinn Ingólfsson segir í sýningarskrá sem gefin er út af þessu tilefni: „Af málverkum Eyjólfs stafa söknuður og tregi: eftirsjá eftir sakleysi bernskunnar þegar hringekjur voru lífsins mesta undur og róluvellir helsta leiðin til stjarnanna, eftirsjá eftir barnatrúnni á „undursamleikans eigin þrotlausa brunn", eftirsjá eftir þeim gildum sem ekki hafa „drukknað í æði múgsins og glaumsins."

Það sem gerðist
13. mars var opnuð sýningin *Það sem gerðist* á nýjum verkum Huldu Vilhjálmsdóttur. Verkin sem Hulda sýndi voru fjölbreytt bæði að efnisvali og útliti. Þar gaf að líta málverk, teikningar og

skúlptúra sem flest geymdu litlar sögur. Í sýningarskránni segir í texta sýningarstjórans, Aðalsteins Ingólfssonar: "Nú eru menn ekki settir út af sakramentinu fyrir ónóga fylgispekt við tiltekna hugmyndafræði, heldur sannar sig sérhver listamaður á eigin forsendum. Það hefur Hulda tvímælalaust gert, og af svo miklu örlæti að áhorfandinn á fullt í fangi með að fylgja henni eftir, gegnum völundarhús teikninga, málverk á striga, pappa, plast og tré, málaða aðskotahluti, litaða leirskúlptúra, frístandandi málverk, fljúgandi málverk, málverk með textum, frjálsa texta o.s.frv." Sýningin var m.a. á dagskrá Safnahelgar á Suðurnesjum sem sett var við sama tækifæri.

Í húsi sársaukans
Þann 16. maí var opnuð sýning Olgu Bergmann *Í húsi sársaukans / The House of Pain* sem var jafnframt framlag Listasafnsins til Listahátíðar í Reykjavík. Olga hefur farið fremur óhefðbundnar leiðir í listsköpun sinni en nýtur virðingar fyrir áleitin og vönduð verk. Í sýningunni var stefnt saman myndbandsverkum, skúlptúrum og fundnum hlutum. Reynt var að skyggnast á bak við þær hugrenningar og tilfinningar sem skapast við missi, áföll eða umbyltingu aðstæðna og leitast við að leiða í ljós hvað sú togstreita sem af slíku hlýst hefur í för með sér, svo sem stöðnun eða nýtt upphaf.

Flökkuæðar - loftfar
4. september var opnuð sýning Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur *Flökkuæðar – loftfar / Vessels.* Farangur og farartæki var helsti efniviður Ingu Þóreyjar sem í verkum sínum leitaði að svæðinu milli svefns og vöku, þess augljósa og þess sem er óaðgengilegt. Sýningin samanstóð af þrívíðum málverkum, máluðum skúlptúrum, hljóð- og ljósaverki sem stillt var upp þannig að úr varð nokkurs konar umferðarmiðstöð. Þessi margslungna sýning var valin ein af bestu sýningum ársins af listgagnrýnendum Morgunblaðsins.

Innistæða
23. október var opnuð sýningin *INNISTÆÐA, íslensk myndlist í eigu Landsbankans 1900 – 1990.* Í stofnskrá Listasafnsins er mikið gert úr menntunarhlutverki þess og sérstaklega tekið fram að því sé ætlað að efla þekkingu og áhuga Suðurnesjamanna á myndlist, barna jafnt sem fullorðinna. Gert er ráð fyrir að a.m.k. ein sýning á ári sé sérstaklega hugsuð með þarfir barna og ungmenna í huga, sýning sem ætlað er það mikilvæga hlutverk að auka víðsýni nemendanna og almenna menntun.

Sýningin Innistæða var tvö ár í undirbúningi og var alltaf hugsuð sem sérstök skólasýning sem ætlað var það mikilvæga hlutverk að auka víðsýni nemendanna og almenna menntun. Fræðslufulltrúi safnsins heimsótti alla grunnskóla Reykjanesbæjar og kynnti sýninguna sérstaklega. Á sýningunni voru 30 málverk frá tímabilinu 1900-1990 eftir marga af helstu listamönnum þjóðarinnar. Segja má að um nokkurs konar yfirlitssýningu íslenskrar myndlistar hafi verið að ræða þar sem höfundar verkanna eru á meðal helstu fulltrúa ólíkra tímabila í listasögu Íslendinga. Aðalsteinn Ingólfsson, sýningarstjóri, skrifaði skilmerkilegan inngang í sýningarskrá þar sem myndlistarsögu Íslendinga eru gerð skil og áhorfendum gert kleift að tengja myndirnar við hin ýmsu tímabil myndlistarsögunnar. Sýningin var því einkar aðgengileg áhugafólki um myndlist, námsmönnum og öllum þeim sem áhuga hafa á að setja sig inn í íslenska myndlistarhefð og –sögu.

Bíósalur Duushúsa

Safneignin: Í Bíósalnum er föst sýning úr safneign Listasafnins. Þar mátti sjá landslagsverk eftir Jóhannes S. Kjarval, Ásgrím Jónsson, Gunnlaug Blöndal, Arinbjörn Þorvarðarson, Pétur Friðrik, Guðmund Karl og Eggert Guðmundson.

Glerborgir: Sýning á verkum sem unnin voru í tenglsum við List án landmæra. Listamenn voru félagar í Björginni, geðræktarmiðstöð og Hæfingarstöðinni, vinnustað fatlaðra. Sýningarstjóri Guðmundur Rúnar Lúðvíksson.

Eggert Guðmundsson: Sýning á verkum í eigu bæjarbúa eftir listmálarann og Suðurnesjamanninn Eggert Guðmundsson var sett upp á Ljósanótt í tengslum við rannsóknarverkefni safnsins. Sýningin endaði með því að verða skemmtilegt úrval verka eftir Eggert um leið og sögulegt yfirlit náðist. Sjá nánar í rannsóknarkaflanum hér á eftir.

Aðrar sýningar

Samkvæmt sýningarstefnu safnsins er gert ráð fyrir aðkomu safnsins að sýningarhaldi annars staðar í bæjarfélaginu en í föstu sýningarhúsnæði safnsins. Þessi aðstoð fer fram með ýmsum hætti og á ýmsum tímum t.d. við útvegun á sýningarhúsnæði, aðstoð við hönnun og prentun bæklinga og boðskorta, aðstoð við styrkumsóknir, kynningu til fjölmiðla, o.s.frv. Mesti annatíminn er í kringum Ljósanótt en þá er allt laust húsnæði notað fyrir alls kyns sýningar.
Eftirfarandi listamenn/sýningar voru í húsnæði á vegum bæjarins að þessu sinni:
Anddyri Duushúsa: ljósmyndasýning Olgeirs Andréssonar Norðurljós á Ljósanótt, Gamla Búð: listsýning, Hjördís Hafnfjörð, Hildur Bára Hjartardóttir, Ester Hjartardóttir, Mæðgur á Ljósanótt; Fischersbúð, götumegin: ljósasýning Hilmars Ásgeirssonar, Ljósasýning á Ljósanótt; Gallerý Björg, félag handverksfólks; HF-húsið**,** Vetrarsalir Golfklúbbsins, 5 sýningarsalir: Björn Björnsson, tréskúlptúrar og málverk; Arngrímur Borgþórsson, veggskúlptúr; Pierre Alain Barichon, airbrush, Agnes Agnarsdóttir, Bergþóra Káradóttir, Ásdís Friðriksdóttir og Halla Harðardóttir, myndlistarsýning; Þórður Svansson, málverk; Fanney Bjarnadóttir, myndlistarsýning; Margrét M. Steingrímsdóttir, Afríkugrímur úr ull; Vogaakademían, nemendasýning; Svarta pakkhúsið e.h. Hafnargötu 2, vinnustofutónleikar, Pakkið í pakkhúsinu; Kjarni, Hafnargata 57, Ljósop, félag áhugaljósmyndara í Reykjanesbæ; Gallerý Suðsuðvestur, Libia og Ólafur; Nesvellir, myndlistarsýning, Þórunn Guðmundsdóttir.

Sýningar í Suðsuðvestri:

Samkvæmt 2. grein sýningarstefnu Listasafnsins ber því að vera vettvangur nýrra strauma í myndlist og stuðla að gagnrýnni skoðun á myndlist með ákveðnu sýningahaldi, fyrirlestrum og útgáfu. Þessu hlutverki hefur safnið reynt að ná með því að vera nánu samstarfi við sýningarrýmið Suðsuðvestur. Suðsuðvestur er rekið í húsnæði Listasafnsins að Hafnargötu 22 og listasafnið stendur straum af rekstri hússins og greiðir laun yfirsetufólksins. Eygló

Harðardóttir, Huginn Þór Arason og Inga Þórey Jóhannsdóttir skipa hins vegar sérstakt listráð og er Inga Þórey jafnframt sú sem stýrir starfsseminni. Þessi þrjú vinna öll í sjálfboðaliðsvinnu við Suðsuðvestur. 7 sýningar voru haldnar árið 2009 og voru eftirfarandi listamenn: Valgerður Guðlaugsdóttir , Libia Castro & Ólafur Ólafsson , Karlotta Blöndal , Klaas Kloosterboer , Ingólfur Arnarsson , Didda Hjartardóttir Leaman og Hlynur Helgason.

Birgir Guðnasonog Áki Grånz við opnun sýningarinnar Innistæðu

3. Útgáfa, miðlun og rannsóknir

Vefur: reykjanesbaer.is/listasafn

Meginefni vefsins eru upplýsingar um safnið sjálft, safneignina og ýmis verkefni sem unnin eru í tengslum við safnið s.s. Listaskóli barna, Listahátíð barna og List án landamæra. Einnig má sjá umfjöllun og myndir tengdar þeim sýningum sem eru í Listasalnum en þær eru í raun einu sýningarnar sem auglýstar eru í nafni safnsins þó svo að safnið komi að sýningum á öðrum stöðum eins og komið hefur fram áður. Slóðin er reykjanesbaer.is/listasafn. Vefurinn var opnaður 2004 og er auðvitað alltaf í endurskoðun en vonir standa til að hann verði efnismeiri þegar fram líða stundir. Umsjónarmaður vefsins er Guðlaug María Lewis fræðslufulltrúi listasafnsins.

Vefur um Erling Jónsson

Listasafnið lét vinna vef um listamanninn Erling Jónsson og var vefurinn opnaður 30. mars 2009. Vefurinn var unninn í samstarfi við félagið Áhugamenn um Listasafn Erlings Jónssonar og reynt að safna öllum heimildum um listamanninn Erling Jónsson frá Keflavík og hans verk. Vefurinn var m.a. unninn fyrir styrk frá Menningarsjóði Suðurnesja. Ljósmyndarinn Arnar Fells sá um upphafsvinnuna og tölvufyrirtækið Dacoda gerði vefinn en hér eftir mun starfsmaður okkar sjá um vinnuna. Slóðin er erlingurjonsson.is.

Prentun

Listasafnið gaf út fjóra 36 síðna bæklinga í tengslum við fjórar sýningar í Listasal í Duushúsum. Í hverjum bæklingi var gerð grein fyrir viðkomandi listamanni/mönnum og verkum hans/þeirra. Listfræðingur eða annar fagmaður var fenginn til að skrifa texta um sýninguna og er textinn þýddur og birtur bæði á íslensku og ensku. Eftirtaldir aðilar skrifuðu textana þetta árið: Aðalsteinnn Ingólfsson, Didda Hjartardóttir Leaman og Sjón. Myndir eru allar í lit, teknar af Önnu Hallin, Oddgeiri Karlssyni, Helga Hjaltalín o.fl. Prentuð voru 500 eintök af hverjum bæklingi og fékk listamaðurinn í sínar hendur 250 eintök af bæklingi/sýningarskrá sem hann getur þá notað til kynningar en skildi á móti eftir listaverk sem þá bætist við safnkost Listasafnsins. Fimmti bæklingurinn sem gefinn var út í ár var sérstaklega hannaður fyrir nemendasýninguna Innistæða. Þar var lögð áhersla á að öll verkin sæjust og að um nokkuð rétta tímalínu væri að ræða. Þessi bæklingur var svo undirstöðugagn í nemendaverkefnunum tengdum sýningunum.

Skráning safnkostsins og forvarsla

Safnkosturinn telst fullskráður í þar til gerðan gagnagrunn og vitneskja um staðsetningu hvers verks á að vera ljós. Það hefur þó komið í ljós að ýmsir hnökrar leynast í skráningunni og er þar helst um að kenna að ekki lágu fyrir nógu haldgóðar upplýsingar um verkeignina frá því áður en skráning hófst. Verkefninu er því ekki lokið þó öll safneignin teljist formlega fullskráð. Sífellt er leitað fyllri upplýsinga um verkin og þær skráðar jafn óðum í gagnagrunninn. Til eru tölvutækar myndir af öllum verkum og eru þær aðgengilegar í gagnagrunninum. Eins og fram hefur komið er enginn geymsluvandi hjá Listasafninu. Geymslurnar eru hlýjar og þurrar og öryggiskerfi og brunavarnir eru í góðu lagi. Forvarsla er í góðu lagi hjá okkur.

Söfnun heimilda

Í nokkur ár hefur verið unnið að söfnun heimilda sem tengjast myndlist á Suðurnesjum og var það einnig gert í ár. Ákveðið var að leggja sérstaka rækt við einn listamann í ár og varð fyrir valinu Njarðvíkingurinn Eggert Guðmundsson.

Eggert Guðmundsson

Áfram var unnið að söfnun heimilda sem tengjast myndlist á Suðurnesjum Á Ljósanótt var opnuð sýning á verkum Eggerts Guðmundssonar listmálara í Bíósal Duushúsa. Eggert var fæddur í Stapakoti í Innri-Njarðvík, árið 1906. Hann hóf ungur listnám og lærði m.a. hjá Stefáni Eiríkssyni, Einari Jónssyni myndhöggvara og Ríkharði Jónssyni en haustið 1927 hélt hann út til frekara náms og dvaldi í München í Þýzkalandi í þrjú ár og eitt ár var hann við nám á Íalíu. Dvaldi hann síðan erlendis að mestu til ársins 1940 en flutti þá heim til Íslands. Eggert var vinsæll málari og hélt fjölda sýninga bæði hér á Íslandi og

erlendis. Verkin á sýningunni voru fjölbreytt að efnisvali; olíuverk, teikningar o.fl. og áttu það flest sammerkt að vera í eigu bæjarbúa sjálfra. Fjölskylda Eggerts lánaði líka nokkur verk og einnig lánuðu Listasafn Íslands og Listasafn Reykjanesbæjar verk. Samhliða sýningunni var haldin málstofa um líf og list Eggerts Guðmundssonar. Þar fluttu erindi Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, Björn Stefánsson sem hafði persónuleg kynni af Eggerti og Guðlaug María Lewis fræðslufulltrúi Listasafnsins. Að auki rifjaði Thor B. Eggertsson sonur listmálarans upp minningar tengdum föður sínum og færði safninu að gjöf upptökur á hljómplötum frá Ástralíu sem hafði að geyma útvarpsviðtal við föður hans og möppu með 9 árituðum ljósritum. Að erindum loknum gátu gestir tekið til máls. Öll verkin sem fengin voru að láni voru mynduð og skráð og erindin og viðtölin voru einnig skráð og tekin upp á myndbönd.

Safnkennsla

Áhersla var lögð á að kynna starfsemi Listasafnsins fyrir nemendum bæjarins. Bréf og sýningarskrár voru sendar í alla skóla til að kynna þær sýningar sem í gangi voru hverju sinni og skólarnir hvattir til að bóka heimsóknir hjá fræðslufulltrúa safnsins sem jafnframt tók á móti hópunum, veitti leiðsögn um sýningarnar og/eða lagði fyrir verkefni í samvinnu við kennarana sem fylgdu hópunum. Þegar líða tók á hverja sýningu var aftur sendur póstur í skólana til að minna á sýningarnar. Til viðbótar þessu heimsótti fræðslufulltrúi alla 6 grunnskóla bæjarins og kynnti þessa starfsemi og upplýsingasíðu safnsins fyrir starfsfólki skólanna í tengslum við sýninguna Innistæðu sem var hugsuð sem sérstök skólasýning.
Samtals komu ríflega 1.000 nemendur af öllum skólastigum í formlegar heimsóknir í safnið og fengu leiðsögn með safnkennara. Mjög misjafnt er hvort hóparnir komu með myndlistarkennurum eða bekkjarkennurum í heimsókn og virðist það nokkuð bundið við skóla og einnig þær sýningar sem í gangi voru hverju sinni. Fyrir utan þessar skipulögðu safnfræðsluheimsóknir komu um 3.500 nemendur í heimsókn í Duushúsin í ýmsum erindagjörðum á eigin vegum eða á vegum menningarsviðs svo sem til að taka þátt í Listahátíð barna eða jóladagskrá barnanna. Markmið ársins 2009 í safnfræðslu Listasafnsins var að finna leiðir til að benda skólunum á möguleikana sem felast í heimsókn þangað. Það virtist bera árangur að heimsækja skólana og í framhaldi af því komu hópar í safnið sem ekki höfðu komið áður og það var greinilegt á viðbrögðum starfsfólks að þrátt fyrir þau bréf og sýningarskrár sem send hafa verið í skólana að margt af því hafði ekki vitneskju um að það starf sem Listasafnið og Duushúsin bjóða upp á. Þegar upp var staðið jókst heildarfjöldi nemenda í safnið um 1.000 eða um 22% Með heimsókn er nemendum gefið tækifæri til að upplifa nýja og ólíka hluti á hverri sýningu og efla skapandi hugsun sem er svo mikilvæg. Nýjar sýningar eru settar upp í Listasafninu á u.þ.b. tveggja mánaða fresti og því fjölmörg tækifæri til að bjóða nemendum upp á stuttar, kostnaðarlausar vettvangsferðir í heimabyggð sem skapa um leið möguleika á því að víkka svolítið sjóndeildarhringinn.

Guðlaug María Lewis fræðslufulltrúi

Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Listasafnið heldur áfram kynningu á íslenskri myndlist í landgangi flugstöðvarinnar. Er þetta gert með því að hengja upp mismunandi listaverk ásamt upplýsingum á veggspjöldum og bæklingum sem látnir eru liggja frammi.

4. Önnur verkefni

Listaskólinn

Listaskólinn er tilraun til að skapa börnum í sveitarfélaginu tækifæri til þátttöku í listrænu og skapandi starfi. Fram til ársins 2009 hafði hann einungis verið starfræktur á sumrin í formi sumarnámskeiða. Á liðnu hausti var í fyrsta sinn haldið vetrarnámskeið, 7 vikna myndlistarnámskeið fyrir 8 - 12 ára börn undir leiðsögn Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur myndlistarmanns. Það gekk vel en þátttaka var þó minni en vonast hafði verið eftir en einungis 7 börn luku námskeiðinu. Að öðru leyti var Listaskólinn rekinn með svipuðu sniði og undanfarin sumur. Í apríl var gengið frá ráðningu tveggja fagmenntaðra leiðbeinenda við skólann. Að auki voru fengnir til liðs við þá 2 viðbótarstarfsmenn úr atvinnuátaki Reykjanesbæjar 16 – 20 þeim til aðstoðar. Við það bættust svo 6 unglingar úr vinnuskólanum. Boðið var upp á 2 þriggja vikna námskeið fyrir þátttakendur á aldrinum 7 til 13 ára. Námskeiðin stóðu frá kl. 13.00-16.00 alla virka daga sem var stytting um klukkutíma frá fyrra ári og gafst sú breyting vel. Þeim lauk með listahátíð þar sem þátttakendur hlutu m.a. viðurkenningarskjöl fyrir þátttökuna.

Aðsókn á námskeiðin var góð. 45 pláss voru í boði á hvort námskeið sem var fjölgun um 10 pláss frá fyrra ári. Fyrra námskeiðið fylltist en 33 þátttakendur voru skráðir á síðara námskeiðið. Heildarfjöldi þátttakenda var því sá sami og árið áður. Samtals sóttu námskeiðin 18 drengir og 58 stúlkur flest á aldrinum 7 – 10 ára. Námskeiðsgjald var það sama og síðasta sumar kr. 7.000 auk 1.500 kr. efnisgjalds sem var 1.200 kr. áður. Námskeiðsgjaldið var einungis innheimt með greiðsluseðlum og ekki tekið við peningagreiðslum. Seðlarnir voru þannig úr garði gerðir að foreldrar gátu úthlutað hvatagreiðslum til greiðslu á námskeiðinu. Aðsetur Listaskólans var í Svarta pakkhúsinu og Frumleikhúsinu. Börnin mættu daglega kl. 13.00 í Svarta pakkhúsið og enduðu þar kl. 16.00. Engin spurning er að Listaskólinn er mikilvægur valkostur sem hentar mörgum börnum og við sjáum sömu börnin ár eftir ár á námskeiðum. Reynslan sýnir að þetta fyrirkomulag virkar og að því leytinu til hægt að halda því óbreyttu. Hins vegar stendur sú upplifun sterk eftir hjá leiðbeinendum í ár jafnt sem s.l. ár að of margir þátttakendur séu á hvoru námskeiði og mörg börn sem njóta stuðnings í skóla komi ein og óstudd inn í Listaskólann sem í raun er ekki í stakk búinn til að taka við þeim. Þetta er væntanlega eitthvað sem allir þeir sem halda sumarnámskeið fyrir börn glíma við. Á meðan við veltum fyrir okkur spurningunni hvernig best sé að bregðast við þessu höldum við ótrauð áfram.

Guðlaug María Lewis fræðslufulltrúi

Úr listasmiðju sem rekin var á Listahátið barna í Bíósal

Listahátíð barna

Listasafn Reykjanesbæjar skipulagði í samvinnu við alla 10 leikskóla Reykjanesbæjar sérstaka Listahátíð barna sem haldin var í Duushúsum 30. apríl til 8. maí s.l. undir yfirskriftinni Vinátta en undirbúningur hófst í febrúar. Hátíðin var opnuð við formlega athöfn í Duushúsum að viðstöddum um 150 börnum úr elstu árgöngum leikskólanna í Reykjanesbæ. Þetta var í þriðja sinn sem Listahátíð barna var haldin með þessu sniði og hefur hún farið stækkandi með hverju ári og nú var svo komið að sýnt var í öllum sölum Duushúsanna. Í Listasal mátti sjá skrautlega skúlptúra frá öllum skólunum og ferliverk, málverk sem flakkaði á milli skólanna og allir máluðu á. Í Bíósal var m.a. starfrækt listasmiðjan Vinaland. Þar gafst íbúum bæjarins kostur á að skapa heilt samfélag úr leirfígúrum. Bíósalur og Listasalur voru síðan tengdir saman með 100 m löngu „Handabandi“ sem á héngu lófaför allra leikskólabarna bæjarins um 1.000 talsins hvert öðru skrautlegra, til staðfestingar um órjúfanlega vináttu allra barna. Vikuna 4. – 8. maí stóðu leikskólarnir fyrir skemmtidagskrá í Listasal tvisvar á dag kl. 10.30 og 13.30 þangað sem allir voru velkomnir. Listasafnið sá skólunum fyrir myndarömmum, handabandinu sjálfu, efni í Vinaland, leirnum og sá um umgjörð og skipulagningu verkefnisins, fundarhöld, flutning listaverkanna o.þ.h. Skólarnir sjálfir útbjuggu listaverkin, skipulögðu sína skemmtidagskrá og sáu um sína boðsgesti.

Því er skemmst frá að segja að samstarfið var til mikillar fyrirmyndar, einstaklega jákvætt og skemmtilegt og framkvæmdin gekk upp og fremur snurðulaust fyrir sig. Mikill fjöldi gesta

skoðaði sýninguna þessa 11 daga sem hún var opin eða um 2.100 manns. Vinalandið vakti mikla lukku og margir foreldrar komu á eigin vegum með börnum sínum til skoða sýninguna og til að leira.
Listahátíðin var auglýst í öllum leikskólunum, í bæjarblöðunum og fín umfjöllun birtist um hana í Morgunblaðinu. Listahátíð barna er að mati þeirra sem að henni stóðu einstaklega skemmtilegt og metnaðarfullt verkefni. Skapaður er vettvangur fyrir leikskólana að sýna hversu frábært starf þeir eru að vinna við aðstæður og umhverfi sem „alvöru“ listafólki er boðið upp á. Jafnframt fá börnin fá tækifæri til að koma fram fyrir fullum sal af gestum og sýna æfða dagskrá sem vermir öllum sem á horfa um hjartarætur. Börnin kynnast menningarstarfi í bænum sem smátt og smátt verður vonandi sjálfsagður hluti af þeirra uppvexti og þau mæta óhikað með sínu fólki í menningarmiðstöð bæjarins og taka þátt í því menningarlífi sem þar fer fram sem þau hafa líka sjálf tekið þátt í að skapa.

List án landamæra
Listasafn Reykjanesbæjar tók í fyrsta sinn þátt í listahátíðinni List án landamæra árið 2009. Listahátíðin er einstök hátíð þar sem fatlaðir og ófatlaðir vinna saman að ýmsum listtengdum verkefnum. Undirbúningur stóð yfir frá því í febrúar og þátttakendur koma úr ýmsum áttum , bæði úr röðum fatlaðra og ófatlaðra en það er einmitt eitt af megin markmiðum verkefnisins að brjóta niður þessa múra sem okkur hættir til að byggja með aðgreiningu fatlaðra og ófatlaðra. Fenginn var verkefnisstjóri Guðmundur Rúnar Lúðvíksson myndlistarmaður og vann hann að myndlistarverkefnum með liðsmönnum úr geðræktarstöðinni Björginni og skjólstæðingum Hæfingarstöðvarinnar. Myndlistarvinnunni lauk með skemmtilegri sýningu í Bíósal Duushúsa sem fékk heitið Glerborgir og einnig var samsýning þriggja ungra listamanna í Svarta pakkhúsinu. Þarna kom í ljós að hæfileikafólk er á hverju strái en stundum hefur skort tækfæri fyrir þetta fólk að koma sér og list sinni á framfæri og því má segja að listahátíð af þessu tagi sé kjörinn vettvangur auk þess sem svona verkefni leiða til aukins skilnings manna á milli með ávinningi fyrir samfélagið allt. Ákveðið var að listasafnið tæki þátt í þessu verkefni aftur að ári.

5. Húsnæði, starfsfólk, opnunartími og gestafjöldi

Listsafnið er rekstraraðili Duushúsanna sem er menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar. Opnunartími 2009 var styttur og var aðeins opið virka daga frá kl. 11.00-17.00 en um helgar frá kl. 13.00-17.00. Þess utan var opið þegar þurfa þótti, bæði fyrr á morgnana og fram á kvöld. Bryggjuhúsið, elsta húsið í Duushúsaröðinni fékk meiri háttar andlitslyftingu árið 2008 og kom þar til að hluta styrkur úr Húsafriðunarsjóði. Húsið var byggt árið 1878 og var orðið heldur hrörlegt. Nú er allt ytra byrði hússins endurnýjað, nýtt þak, nýir gluggar og er húsið nú eitt glæsilegasta hús bæjarins. Samkvæmt áætlun hafði verið ætlunin að ljúka endurnýjun innan húss vorið 2010 en sú framkvæmd verður að bíða betri tíma. Listasalurinn í Duushúsum var málaður og settir upp þrír lausir veggir og sýningarhúsnæðið í Suðuðvestri var einnig málað. Trégólf í Bíósal og Listasal voru pússuð og olíuborin.
Samningur við Gagnavörsluna ehf um safngeymslur sem undirritaður var í febrúar 2008 rann út á árinu og hefur viðræðum um áframhaldandi samstarf ekki verið lokið þegar þessari skýrslu er skilað. Ekki tókst að koma listaverkum safnsins í safngeymslur Gagnavörslunnar á þessum tíma og eru þau enn í geymsluhúsnæði safnsins á Tjarnargötu 12 og Hafnargötu 57. Ekki þótti þörf á að flýta flutningi listaverkanna þar sem báðar geymslurnar teljast nokkuð góðar.

Fastráðið starfsfólk:
1. Valgerður Guðmundsdóttir skipar stöðu forstöðumanns 100% staða
2. Guðmundur Ingi Hildisson, umsjónarmaður 100 % staða
3. Guðlaug María Lewis, fræðslufulltrúi 100 % staða frá 1. apríl

Lausráðið starfsfólk
4. Smári Ketilsson, hlutastarf við safnvörslu í Duushúsum
5. Pálmi Ketilsson, hlutastarf við safnvörslu í Duushúsum
6. Margrét Ósk Ingiþórsdóttir, hlutastarf við safnvörslu í Suðsuðvestri
7. Óskar Kristinn Vignisson, hlutastarf við safnvörslu í Suðsuðvestri

Verkefnaráðið fólk
8. Sólveig Guðmundsdóttir í 100 % stöðu frá 1. júní til 1. ágúst við Listaskólann
9. Rut Ingólfsdóttir í 100 % stöðu frá 1. júní til 1. ágúst við Listaskólann
10. Aðalsteinn Ingólfsson situr í listráði safnsins og tekur að sér sýningarstjórn
11. Inga Þórey Jóhannsdóttir situr í listráði safnsins og tekur að sér sýningarstjórn og hefur tekið námskeið í Listskóla barna.

Að auki hefur Björn Ragnarsson starfsmaður Byggðasafnsins aðstoðað við uppsetningu sýninga og afleysingar við safnvörslu.

Gestafjöldi

Listasafnið er eins og áður segir rekstraraðili að Duushúsum. Á síðustu árum hefur gestafjöldi aukist þar jafnt og þétt og árið 2009 var hann kominn upp í 45.164 og jókst hann um 3 %. Heildarfjöldi gesta var því kominn yfir 45.000 en sú tala hafði verið sett sem ákjósanlegt mark í Framtíðarsýn Bæjarstjórnar árið 2006. Gestir eru flokkaðir í nokkra flokka og m.a. má sjá að erlendir gestir eru aðeins rúmlega 2000 talsins og því tækifæri þar til frekari fjölgunar.

Mánuður	2009	2008	Breyting milli ára
Jan	959	1.049	-9%
Feb	1.929	1.667	16%
Mars	2.381	2.118	12%
Apríl	2.591	2.590	0%
Maí	4.621	4.239	9%
Júní	2.171	2.125	2%
Júlí	1.747	1.290	35%
Ágúst	1.472	1.322	11%
Sept	20.291	20.396	-1%
Okt	1.651	2.002	-18%
Nóv	2.225	1.903	17%
Des	3.126	3.113	0%
Samtals	**45.164**	**43.814**	**3%**

6. Rekstur

Eins og fram hefur komið er Listasafnið rekstaraðili Duushúsa og er reksturinn því á nokkrum rekstrarlyklum. Þegar reksturinn er skoðaður kemur fram að megin kostnaðurinn er greiddur af Reykjanesbæ. Miklir erfiðleikar voru í rekstri safna almennt þetta árið og fastir styrktaraðilar Listasafns Reykjanesbæjar s.s. Glitnir/Íslandsbanki og Landsbankinn hurfu úr stuðningsliðinu. Þjónustu- og styrktarsamningur við Flugstöðina hélst út árið 2009 en var svo ekki endurnýjaður. Tilraun safnsins til að afla sértekna með því að leigja út listaverkin skiluðu minna en ætlað var því fyrirtæki höfðu ekki á efni að greiða leiguna fyrir verkin.
Heildarveltan var 30.520.000 og skiptist á eftirfarandi lykla: Listasafn 16.210.000, Listaskóli barna 1.320.000, Listaverk bæjarins 1.900.000, Duushús 11.090.000. Ýmsir styrkir voru tæpar fjórar milljónir og þar af 2.300.000 frá Safnasjóði og 1.000.000 frá Menningarsjóði Suðurnesja.

Lokaorð

Árið 2009 var Listasafninu að mörgu leyti erfitt en jafnframt árangursríkt. "Gömul" verkefni tókust vel, jafnvel betur en áður s.s. Listahátíð barna og Listaskóli barna þar sem í fyrsta sinn tókst að hafa vetrarnámskeið og ný verkefni litu dagsins ljós sem skoruðu hátt hjá okkar fólki s.s. List án landmæra. Sýningarnar voru flestar vel lukkaðar og okkur tókst aftur í ár að eiga eina af bestu sýningum ársins að mati gagnrýnenda Morgunblaðsins, sýninguna Flökkuæðar-Loftfar. Sú niðurstaða var okkur mikils virði þar sem við höfum staðið í stríði við ritstjórn Morgunblaðsins vegna ákvörðunar þeirra um að hætta að senda gagnrýnendur á sýningar út á landsbyggðina. Slíkar ákvarðanir eru bein aðför að safnastarfi í landinu því ábyrg og fagleg umfjöllun um sýningarnar hafa því miður ekki verið á hverju strái. Önnur fjölmiðlun um safnastarf er í sama dúr og má þakka fyrir hverja frétt eða fréttatilkynningu sem birt er. Við látum þó ekki deigan síga og munum áfram vinna að kynningu á starfsemi Listasafns Reykjensbæjar með öllum ráðum.

Reykjanesbæ 8. febrúar, 2010

Valgerður Guðmundsdóttir
Forstöðumaður Listasafns Reykjanesbæjar

LISTASAFN
REYKJANESBÆJAR